



## Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

1. fundur stjórnar 2026-2027 þriðjudaginn 9. júní 2026

kl. 12.00 - 16.00 í Borgartúni 27

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Ingibjörg Ágústsdóttir, Kári Kristinsson, Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir, Þróstur Olaf Sigurjónsson, Zophonías Oddur Jónsson.

Á Teams: Oddur Þór Vilhelmsson

Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, framkvæmdastjóri, ritaði fundargerð

### Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Norrænn fundur í Færeyjum 2.–4. júní 2026
2. Ráðstefna um akademískt frelsi í Noregi 4.–5. mars 2027
3. Breyttar reglur Starfsþróunarsjóðs prófessora
4. Fjárslumálið
5. Kynning frá Greiningarsjóði háskólafélaganna
6. Kjarabaráttan 2028
7. Sáttmálasjóður
8. Reglur um Ritlauna- og rannsóknarsjóð prófessora

Sigrún Ólafsdóttir, stjórnarformaður setti fundinn kl. 12:15.

Í upphafi fundar óskaði formaður eftir því að tveimur liðum yrði bætt á dagskrá fundarins, annars vegar skipan í embætti innan stjórnar og hins vegar beiðni frá HÍ um skipan í siðanefnd, en erindið barst eftir að dagskrá hafði verið send út. Stjórn samþykkti samhljóma að bæta þessum liðum við dagskrána.

### 1. Skipan í embætti stjórnar fyrir starfsárið 2026-2027.

Stjórn skipaði Zophonías Odd Jónsson sem varaformann stjórnar og Þróstur Olaf Sigurjónsson var skipaður gjaldkeri stjórnar.

### 2. Háskóli Íslands óskar eftir tilnefningu félagsins um fulltrúa í siðanefnd HÍ fyrir tímabilið 2026-2029.

Stjórn Félags prófessora sammæltist um að tilnefna Eyju Margréti Jóhönnu Brynjarsdóttir í siðanefnd HÍ.

### **3. Norrænn fundur í Færeyjum 2.–4. júní 2026**

Formaður sagði frá norrænum fundi sem fulltrúar frá stjórn FPR sóttu með fulltrúum systurfélaga FPR frá Norðurlöndunum.

### **4. Ráðstefna um akademískt frelsi í Noregi 4.–5. mars 2027**

Félagið hefur fengið boð um þátttöku í ráðstefnu um akademískt frelsi í Noregi 4.–5. mars 2027. Málið var rætt. Fram kom að akademískt frelsi hefði verið áberandi í umræðu norrænu félaganna og að ráðstefnan gæti átt erindi við félagið. Ekki var tekin endanleg ákvörðun um þátttöku eða hver færi fyrir hönd félagsins. Málið verður tekið aftur til umræðu þegar nær dregur.

### **5. Breyttar reglur Starfsþróunarsjóðs prófessora**

Drög að breyttum reglum Starfsþróunarsjóðs prófessora voru lögð fram og rædd. Stjórn lagði áherslu á að endurskoðun reglnanna ætti fremur að miða að einföldun og skýrari framkvæmd en að auka flækjustig eða íþyngja umsækjendum. Sérstaklega var rætt um þörf á einfaldara umsóknar- og gagnafærli, tíðari afgreiðslu umsókna, möguleika á forafgreiðslu eða greiðslu tiltekins kostnaðar áður en ferð er farin, skýrari reglum um dagpeninga eða fastar greiðslur vegna ferðakostnaðar, og að reglurnar yrðu bornar saman við sambærilegt fyrirkomulag hjá Félagi háskólakennara. Framkvæmdastjóra var falið að koma ábendingum stjórnar á framfæri við stjórn Starfsþróunarsjóðs prófessora.

### **6. Fjársýslumálið**

Formaður greindi frá kvörtun sem félagið sendi til Umboðsmanns Alþingis.

### **7. Kynning frá Greiningarsjóði háskólafélaganna**

Halldór Valgeirsson frá Greiningarsjóðnum kynnti nýjustu kjaragreiningar sjóðsins og fjallaði um skýrslu Alþingis um launapróun hins opinbera.

### **8. Kjarabaráttan 2028**

Dagskrárlið frestað til næsta fundar.

### **9. Sáttmálasjóður**

Dagskrárlið frestað til næsta fundar.

### **10. Reglur um Ritlauna- og rannsóknarsjóð prófessora**

Fulltrúar úr starfshópi FPR um reglur Ritlauna- og rannsóknarsjóðs prófessora kynntu vinnu hópans. Fram kom að hópurnir hefði safnað viðtölum og gögnum

um reynslu prófessora af vinnumatskerfinu og mögulega veikleika þess, meðal annars hvað varðar mat á ólíkum birtingarhefðum, gagnasöfnun, rannsóknainnviðum, kennslu, stjórnun og öðrum þáttum starfsins. Ekki voru teknar efnislegar ákvarðanir um breytingar á þessu stigi. Stjórn mun fá frekari upplýsingar um vinnuna þegar úrvinnsla gagna liggur fyrir.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl: 16:00